

Stjórnarfundur Glímufélagsins 6. september 2016

Fundinn sátu: Snorri, Jón Þór, Eiður, Lárus, Kristín, Einar, Gunnar, Jakob, Vilborg og Sigurða.

Vantaði: Hólfríði Ingu og Bryndísi.

Starf deilda hefur verið auglýst. Bent á að greinar séu ein besta auglýsingin.

Eiður sagði að aukning hefði verið í sumarskólanum á milli ára. 2015 voru 329 á mót 440 í ár, sem skiptist þannig að 265 voru í fimleikaskólanum og 175 í fjölgreina. Sumarið 2015 voru 213 í fimleika- og 116 í fjölgreinaskólanum. Mjög heppin með skólastjóra hana Auði Jónu, alveg frábær. Hún hefur nú ráðið sig sem krílabjálfa um helgar hjá Fimleikadeildinni. Afkoma sumarskólans liggur ekki enn fyrir þar sem enn eiga eftir að berast reikningar frá borginni. Sumarið gekk mjög vel.

Jón Þór og Lárus sögðu frá samkomulaginu sem náðst hefur um Skelli þar sem Taekwondo og Júdo skipta honum nú á milli sín og verður hengdur upp dúkur sem er í pöntun. Með skiptingu salarins geta báðar deildir skipt sínu svæði í tvennt, þykir góð lausn. Sagði Lárus hana auka sjálfstæði beggja deilda. Þessar deildir skipta einnig geymslunni á milli sín þannig að T verður með innri geymsluna og J þá fremri. Júdoeildin fær skrifstofuna.

Gunnar lýsti yfir áhyggjum sínum af Júdoeildinni þar sem ásókn í hana er nú í lægð. Nú hafa þeir fengið góðan þjálfara sem gæti snúið þróuninni við, eru nú með eina tvo bestu þjálfara í Evrópu. Eru í varnarbaráttu við Mjólni. Bent var á að eðlileg þróun er að deildir fara í lægðir, þarf að standa þær af sér og fara upp aftur.

Glímudeildin er í pásu.

Heimasíðan er á leiðinni, kominn prufuaðgangur og verður sett í loftið fljótlega. Hver deild verður með aðgang og setur inn fréttir. Nýja síðan verður mun ódýrari í rekstri en sú gamla sem var með há rekstrargjöld.

Síma- og tölvukefi hússins þarf að skipta út. Línan inn í húsið léleg. Verið að leita lausna í þessu máli.

Ármannsdagurinn er 7. september þar sem 1-4 bekk Vogaskóla er boðið á kynningu á flestum deildum, þ.e. frjálsum, fimleikum, taekwondo, júdo og körfu.